

Þriðjudaginn 11. desember 1990.

Nr. 206/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Atla Steinari Bjarnasyni

(Kristján Stefánsson hdl.).

Líkamsárás. Þjófnaður. Brot gegn valdstjórninni. Tékkafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. mars sl. og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu, en af þess hálfu er að öðru leyti krafist staðfestingar héraðsdóms, að því er varðar ákærða.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af 1., 2. og 4. lið ákæru 9. október 1989, en að öðru leyti dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þess er krafist, að gæsluvarðhald, samtals 11 dagar, komi til frádráttar refsingu.

I.

Ákæra 9. október 1989.

1. og 2. liður. Sannað er með framburði ákærða sjálfs og vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar, að ákærði veitti þeim áverka þá, sem lýst er í ákæru. Þar er brot hans réttilega heimfært til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Frásagnir vitnanna og ákærða eru ósamhljóða. Halda vitnin því fram, að ákærði hafi ráðist á þá að tilefnislausu. Ákærði hefur frá því strax eftir atburðinn haldið því fram, að vitnin hafi hlotið áverkana í átökum, sem þeir hafi átt upptökin að. Ákærði var færður í lækni skoðun sömu nótt og atvik þessi gerðust. Í lækni svottorði Rögnvalds Þorleifssonar segir, að líkamsskoðun hafi leitt í ljós:

„Á hvirfli sjúkl. var blóðrisa marblettur ca. 2x2-3 cm að þvermáli. Tveir skurðir hvor um sig u.þ.b. 1 cm að lengd á hægri auga-brúninni. Sár barmarnir voru sléttir, en sárin virtust ekki vera eftir

eggjárn. Sárin voru fremur grunn og náðu niður í leðurhúðina.

Blæðing og blámi var neðan við sárin. Framan á hægri viðbeini var blár marblettur ca. 2 cm í þvermál. Þroti og eymsli var á hægri handarbaki, einkanlega á hnúum löngutangar og baugfingurs. Framan á vinstra hnénu var blóðrisa blettur 2x4 cm í þvermál. Framan á vinstra lærinu nokkuð ofan við hnéd var blár marblettur ca. 2x3 cm að stærð. Framan á hægri lærinu var marblettur 1x2 cm að stærð og brúnleitur. Hann virtist ekki vera nýlegur. Aftan á báðum kálfunum voru blóðrisa rispur. Á vinstri kálfanum var fleiðurbletturinn ca. 2 cm í þvermál og aftan á hægri kálfanum var fleiðrið 1x3 cm að stærð.“

Ákærði segist hafa fengið áverka þessa í viðureign við vitnin. Vitnið Valgeir segir, að ákærði hafi haft þessa áverka, þegar hann kom til þeirra, en vitnið Gunnar man ekki eftir því. Samkvæmt gögnum málsins voru ákærði og vitnin ölvaðir. Hafa vitnin borið, að þeir hafi, þegar atburðir þessir gerðust, verið búnir að vera meira eða minna undir áfengisáhrifum um langan tíma. Aðrir eru ekki til frásagnar um viðskipti ákærða og vitnanna. Skoðun lögreglu á vettvangi bendir til átaka. Nákvæm rannsókn á ferðum ákærða fyrir um kvöldið hefur ekki farið fram. Atvik eru þó upplýst í þeim mæli, að ljóst er, að 12. gr. almennra hegningarlaga á ekki við. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að miða við þá frásögn ákærða, að hann og vitnin hafi lent í átökum, og við refsíákvörðun vegna þessara brota að hafa hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

3. og 4. liður. Fallast ber á sakarmat héraðsdóms og færslu brots til refsíákvæða, að því er þessa liði varðar.

II.

Ákæra 31. október 1989.

Með skirskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er ákærða varðar.

III.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson bar mikla og alvarlega áverka eftir átökin við ákærða. Ákærði hótaði lögreglumönnum þeim, sem hugðust handtaka hann, að verjast með hnífi. Með tilvísun til þessara alvarlegu brota og sakaferils ákærða, sem rakinn er í

héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, þótt tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða, sem um getur í I. kafla hér að framan. Einnig ber að staðfesta, að 11 daga gæsluvarðhald komi til frádráttar dæmdri refsingu svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 kemur skaðabótakrafa sú, sem höfð var uppi í héraði, ekki til álita.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms á að vera óröskuð, að því er varðar ákærða, Atla Steinar Bjarnason.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 34-35/1990: Ákærvaldið gegn Atla Steinari Bjarnasyni og X, sem dómtekið var 19. þ.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 9. og 31. október 1989.

I. Ákæra, dagsett 9. október 1989.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur Atla Steinari Bjarnasyni, fæddum 6. janúar 1958, nú til heimilis að Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 26. mars 1989:

1) Fyrir líkamsárás með því að hafa, í risibúð að Hverfisgötu 86, ráðist á Valgeir Magnússon, fæddan 1. maí 1947, og slegið til hans með hefli, en Valgeir bar fyrir sig vinstri hönd og hlaut við það þverlægan skurð, um það bil 5 sm langan, lófa megin á vinstri úlnlið, sem náði niður í eina af beygisinum úlnliðarins.

2) Fyrir líkamsárás með því að hafa, stuttu síðar fyrir utan sama hús, ráðist á Gunnar Sigurjónsson, fæddan 1. febrúar 1956, og slegið hann og sparkað í hann með þeim afleiðingum, að hann missti meðvitund, nef- og

kinnbeinsbrotnaði hægra megin, hlaut um 4 sm skurð yfir hægra kinnbeini, um ½ sm grunnt sár á vinstri kinn, um 1 sm þverlæga rifu í gegnum hægri nasavæng, blæðingu inn í hægri kinnbeinsholu og bólguhellu og 2 sm langt sár aftan við vinstra eyra.

3. Fyrir þjófnað með því að hafa, er ákærði hljóp frá nefndu húsi áleiðis til miðborgarinnar, brotist inn í söluturninn Óðinstorg, Óðinsgötu 5, og stolið þar einum vindlingapakka, eldspýtum og flatningshníf.

4. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að ráðast skömmu síðar að lögreglumönnum, er hugðust handtaka ákærða við hús Menntaskólans í Reykjavík við Lækjargötu, vopnaðan flatningshnífnum, og margsinnis hótad að stinga lögreglumennina á hol, ef þeir kæmu nærri honum.

Teljust liðir 1 og 2 varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, liður 3 við 244. gr. hegningarlaganna og liður 4 við 106. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

II.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur Atla Steinari Bjarnasyni og X,... „fyrir skjalafals með því að hafa, í byrjun júní 1989, afhent Flugleiðum í Reykjavík sem greiðslu fyrir tvo farseðla fyrir ákærðu til Kaupmannahafnar tvo falsaða víxla, hvorn að fjárhæð kr. 14.190, útgefna 8. júní 1989, með gjalddaga 10. ágúst 1989, annan samþykktan af ákærða Atla Steinari til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, en hinn af ákærðu X til greiðslu á sama stað, en á víxlana hafði ákærða X falsað nafnritun Bjarni V. Ólafsson sem útgefanda og framseljanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist“.

Málsatvik.

Ákæra, dagsett 9. október 1989.

Lögreglan handtók ákærða við Menntaskólann í Reykjavík aðfaranótt 26. mars 1989, eftir að tilkynning hafði borist lögreglu um rúðubrot og innbrot í verslun við Óðinstorg. Lögregla fór á vettvang og elti ákærða af staðnum áleiðis að Menntaskólanum í Reykjavík, þar sem ákærði var að lokum handtekinn. Ákærði greindi lögreglunni frá því, að hann hefði fyrr um kvöldið lent í átökum við þá Gunnar Sigurjónsson og Valgeir Magnússon að Hverfisgötu 86 þá um nóttina, og greindi ákærði lögreglu frá því,

að hann væri hræddur um að hafa banað Gunnari, svo illa hefði Gunnar verið leikinn eftir ákærða.

Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson komu á lögreglustöðina þessa sömu nótt og voru fluttir á slysadeild Borgarspítala til skoðunar. Lögregla hélt síðan að Hverfisgötu 86 og kannaði vettvang.

Verða nú reifaðir málavextir varðandi hvern ákærulið fyrir sig.

1) Valgeir Magnússon var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars 1989. Valgeir kvaðst hafa verið staddur að Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. ásamt Gunnari Sigurjónssyni og ákærða. Valgeir kvað ákærða hafa komið á staðinn illa útleikinn og að sögn Valgeirs auðséð, að ákærði hafði lent í átökum, þar sem hann hefði verið bólginn og blóðugur í framan. Valgeir kvað ákærða hafa farið að þrifa eldavélina í eldhúsinu, og kvaðst Valgeir þá hafa verið staddur við eldhúsvaskinn og þar verið að fá sér vatn að drekka. Valgeir kvaðst hafa snúið baki í ákærða. Valgeir kvaðst síðan hafa fundið það á sér, að ákærði hefði ætlað að lemja sig í höfuðið með hefli, og kvaðst Valgeir hafa snúið sér snöggt við og þá borið fyrir sig handlegginn. Valgeir kvað ákærða hafa lamið sig með heflinum og höggið komið á handlegg Valgeirs og við það myndast töluvert djúpur skurður skammt ofan við úlnlið. Valgeir kvað ákærða hafa hlaupið út úr íbúðinni strax eftir þetta. Valgeir kvað Gunnar Sigurjónsson hafa verið vitni að þessu.

Valgeir var enn yfirheyrður hjá lögreglunni 5. mars sl. og bar þá á sömu lund varðandi árás ákærða á sig, þar sem Valgeir kvaðst hafa staðið við eldhúsvaskinn, og kvaðst Valgeir hafa borið fyrir sig vinstri handlegg, en ákærði veitti Valgeiri högg á handlegginn með hefli, og við það myndaðist skurður.

Vitnið Valgeir Magnússon var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. og staðfesti þá lögregluskýrslur þær, er raktar voru hér að framan. Valgeir bar efnislega á sama veg og áður um aðdraganda árásarinnar, og kvaðst Valgeir hafa skynjað það, að einhver væri fyrir aftan sig. Valgeir kvaðst líklega hafa skynjað þetta, þar sem marrað hafi í gólfjöllum.

Vitnið Valgeir var enn yfirheyrt fyrir dóminum 19. janúar sl. og bar efnislega á sama veg og fyrr. Valgeir kvað Gunnar Sigurjónsson hafa veitt aðstoð við að binda um sár það, er ákærði hafði veitt Valgeiri á vinstri handlegg, áður en Gunnar Sigurjónsson elti ákærða út úr íbúðinni. Valgeir kvaðst hafa skoðað hefilinn, er ákærði notaði við árásina, strax eftir að árásin var yfirstaðin, og að vel kunni að vera, að farið hafi verið með hefilinn inn í norðausturherbergi íbúðarinnar, en Valgeir kvaðst hvorki hafa tekið þátt í átökum í því herbergi né heldur hafa orðið var við átök þar.

Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars sl. Gunnar kvaðst hafa verið staddur í sófa (sic) í stofu íbúðarinnar gegnt eldhúsdyrn-

um, er Valgeir Magnússon hafi haldið fram í eldhús. Gunnar kvaðst skyndilega hafa veitt því athygli, að ákærði hafði hefil í hendi og reiddi hann til høggs gagnvart (sic) Valgeiri. Gunnar kvað ákærða hafa slegið til Valgeirs, sem hefði borið fyrir sig höndina og við það hlotið skurð á handlegginn. Gunnar kvað ákærða hafa haldið rակleitt út úr íbúðinni eftir þetta. Gunnar kvaðst ekki hafa heyrt nokkur illindi milli ákærða og Valgeirs frammi í eldhúsi, og því hafi árás ákærða verið tilefnislaus.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrt hér fyrir dóminum 8. þ.m. og staðfesti þá skýrslu þá, er rakin var að framan. Gunnar kvað Valgeir Magnússon hafa verið staddan í eldhúsdýrunum, er ákærði veittist aftan að Valgeiri og reiddi hefilinn til høggs með þeim afleiðingum, er áður er lýst. Gunnar kvað ákærða hafa hraðað sér út úr íbúðinni, en Gunnar kvaðst hafa aðstoðað Valgeir við að binda um sárið á handlegg Valgeirs.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa lent í átökum við þá Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson að Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl., og taldi ákærði Valgeir Magnússon líklega hafa hlotið skurðinn á handleggnum í þeim átökum. Verður nú rakinn framburður ákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrdur hjá lögreglunni 26. mars sl. Ákærði kvaðst hafa komið í íbúðina um miðnæturleytið og þá hafa gengið til svefnis í innra herbergi íbúðarinnar. Ákærði kvaðst hafa vaknað við það, að ráðist hafi verið á sig og sparkað í sig, og kvað ákærði Gunnar Sigurjónsson hafa verið þar að verki. Ákærði kvaðst hafa reynt að verja sig, en skyndilega hefði einhver komið með hefil og lamið í höfuð ákærða, sem við það hefði vankast. Ákærði kvaðst hafa risið á fætur og þá náð að slá Valgeir Magnússon niður og sparka í húsráðandann, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson. Ákærði kvaðst síðan hafa hlaupið eða „rúllað“ niður stigann á leið sinni út úr íbúðinni, en Gunnar Sigurjónsson hefði elt ákærða og þeir haldið áfram átökum fyrir utan húsið, og hefðu átökin endað þannig, að ákærði hefði gengið þannig frá Gunnari, að ákærði kvaðst hafa haldið sig hafa drepíð Gunnar.

Ákærði var yfirheyrdur hjá lögreglunni 7. apríl sl. og bar þá efnislega á sama veg og fyrr varðandi upphaf átakanna. Ákærði kvað átökin hafa borist fram í eldhús, þar sem þeir Valgeir og Gunnar hefðu veitt ákærða þung högg viðs vegar um skrokkin.

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dóminum 13. nóvember sl. Ákærði bar nú á þann veg, að Gunnar Sigurjónsson hefði vakið ákærða með því að sparka í síðu ákærða, og kvað ákærði átök hafa byrjað milli þeirra Gunnars inni í svefnherberginu, en átökin síðan borist fram í eldhús, og þar hefði Valgeir Magnússon blandað sér í átökin. Ákærði kvað atburðina hafa gerst hratt og því ekki muna vel, hvað gerðist, en þó muna að hafa orðið undir í átök-

unum. Ákærði kvaðst hafa hlotið högg, þar sem hann lá, og hafi þeir Valgeir og Gunnar sparkað í ákærða. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa gripið til hefils í átökunum við Valgeir og ekki muna, hvar í átökunum Valgeir fékk áverka þann, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa yfirgefið húsið, er hann raknaði úr rotinu, en Gunnar hefði elt sig út. Ákærði vísaði á bug framburði þeirra Gunnars Sigurjónssonar og Valgeirs Magnússonar varðandi upphaf átakanna.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 15. desember sl. Ákærði bar nú að hafa vaknað við það, að verið hafi verið (sic) að þukla sig. Ákærði kvaðst ekki hafa áttað sig á því, hvort um hafi verið að ræða kynferðislega áreitni eða hvort verið hafi verið (sic) að leita að fjármunum á ákærða. Ákærði kvað síðan hafa verið sparkað í sig og þá hafist átökin milli sín og Gunnars. Ákærði kvað nú Valgeir Magnússon hafa blandað sér í átökin inni í svefnherberginu og átökin síðan borist fram í stofu íbúðarinnar.

Ákærði hefur staðfest fyrir dóminum lögregluskýrslur þær, er hann gaf undir frumrannsókn málsins.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, húsráðandi að Hverfisgötu 86, var yfirheyrður hjá lögreglunni 4. apríl sl. Sigurjón kvaðst ekki hafa verið vitni að því, er átti sér stað aðfaranótt 26. mars sl. Sigurjón kvað ákærða hafa verið gestkomandi í íbúðinni þessa nótt. Sigurjón lýsti ákærða svo, ..., hann var búinn að vera þarna einhverja stund og var kolvitlaus og æddi um eins og grenjandi ljón. Ég man eftir því, að ég átti í erfiðleikum með að sofa, þar sem Atli Steinar var með svo mikil læti“.

Sigurjón kvaðst ekki hafa lent í neinum átökum við ákærða þessa nótt og ákærði ekki heldur ráðist á sig.

2) Hér að framan hefur verið rakinn framburður ákærða og vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar um upphaf átakanna milli þeirra aðfaranótt 26. mars sl., en nú verður rakinn framburður þeirra um atburðarás, eftir að ákærði yfirgaf íbúðina.

Gunnar Sigurjónsson bar hjá lögreglunni 26. mars sl., að eftir að ákærði hefði veitt Valgeiri skurð á handlegg og þeir Valgeir höfðu búið um sárið, þá hefði byrjað grjótkast í glugga hússins, og kvað Gunnar sér strax hafa dottið í hug, að ákærði ætti þar hlut að máli. Gunnar kvaðst því hafa farið út til að athuga málið. Gunnar kvað ákærða hafa ráðist að sér og fellt, er Gunnar var staddur í húsasundi við húsið. Gunnar kvaðst hafa séð, að ákærði hélt á einhverju, en ekki séð, hvað það var. Gunnar kvað ákærða stöðugt hafa reynt að veita sér áverka á maga eða á brjóst, en Gunnar kvaðst hafa reynt að verjast af öllum mætti. Gunnar kvaðst ekki hafa náð að standa upp, eftir að ákærði felldi hann, og kvaðst Gunnar því hafa varist liggjandi. Gunnar kvað ákærða hafa slegið sig, sparkað í sig og reynt að stinga með einhverju, sem Gunnar sá ekki, hvað var.

Gunnar kvað Valgeir hafa komið þar að skömmu síðar og ákærði þá hlaupið á brott. Gunnar kvað Valgeir hafa aðstoðað sig við að komast á lögreglustöðina og þeir síðan verið fluttir á slysadeildina.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrt fyrir dóminum 8. janúar sl. og staðfesti þá lögregluskýrslu þá, er rakin var að framan. Gunnar kvaðst hafa bundið um sár Valgeirs eftir árás ákærða, sbr. 1) hér að framan. Gunnar ber efnislega á sama veg og rakið hefur verið um aðdraganda þess, að hann hélt út úr íbúðinni á eftir ákærða. Gunnar kvaðst hafa fengið högg eða spark í brjóstkassann, er hann kom fyrir húshornið. Gunnar kvaðst hafa fallið við og ákærði þá veitt sér högg liggjandi og við það notað bæði hendur og fætur. Þá kvað Gunnar ákærða hafa skorið sig með einhverju áhaldi, en ekki hafa séð, hvað það var, en telja, að ákærði hafi notað dúkahníf, eftir að sér hefði verið sýndur dúkahnífur undir rannsókn málsins, en lögreglan hafði fundið blóðugan dúkahníf á vettvangi. Gunnar kvaðst hafa fallið strax í jörðina og enga áverka hafa veitt ákærða, en fyrst og fremst hafa reynt að verjast árásum hans.

Valgeir Magnússon var yfirheyrdur hjá lögreglunni 26. mars sl. og bar þá efnislega á sama veg og Gunnar Sigurjónsson um aðdraganda þess, að Gunnar hélt út úr íbúðinni. Valgeir kvaðst hafa heyrt einhver óp, er Valgeir hafði lokið við að vefja tusku um sár það, er Valgeir kvað ákærða hafa veitt sér á handlegg. Valgeir kvaðst hafa talið ákærða vera að lemja Gunnar og þá haldið út í því skyni að aðstoða Gunnar. Valgeir kvaðst hafa komið að Gunnari liggjandi í blóði sínu á gangstéttinni fyrir framan húsið. Valgeir taldi Gunnar nánast meðvitundarlausan, er hann kom að honum. Valgeir aðstoðaði Gunnar síðan á lögreglustöðina, og hefðu þeir síðan verið fluttir á slysadeildina.

Valgeir Magnússon bar hjá lögreglunni 5. mars sl. að hafa séð til ákærða kasta steinum í húsið og að hafa séð ákærða ráðast á Gunnar norðan við húsið.

Vitnið Valgeir Magnússon var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. og bar þá efnislega á sama veg og hjá lögreglu og staðfesti skýrslur sínar. Valgeir kvaðst hafa hraðað sér út úr íbúðinni, eftir að hafa séð ákærða og Gunnar eiga í átökum, og ákærði þá hlaupið í burtu.

Ákærði var yfirheyrdur hjá lögreglunni 26. mars sl., svo sem rakið var að framan. Ákærði kvaðst hafa tekist á við Gunnar Sigurjónsson fyrir utan húsið, eftir að Gunnar elti ákærða út úr húsinu. Ákærði kvaðst hafa gengið þannig frá Gunnari, að hann hélt sig hafa drepíð hann. Ákærði kvað hafa runnið á sig æði og hann haldið sig hafa drepíð Gunnar, því að hann hefði legið þannig hreyfingarlaus. Ákærði kvað Gunnar hafa ráðist á sig, eftir að hafa komið hlaupandi eftir sér niður stigann, og kvaðst ákærði hafa haft Gunnar undir og kýlt hann þá vel, svo að Gunnar hefði legið.

Ákærði bar hjá lögreglunni 7. apríl sl., að átökin við Gunnar fyrir utan húsið hefðu verið mjög hröð og ekki mátt milli sjá, hvor hefði betur. Ákærði kvaðst telja, að áverkar, er Gunnar hlaut, hefðu komið í átökunum, og kvaðst ákærði hafa beitt jafnt höndum sem fótum í átökunum. Átökunum linnði, er Gunnar lá í valnum með opin augu, og kvaðst ákærði hafa haldið hann látinn og orðið mjög hræddur og hlaupið á brott.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 13. nóvember sl. Ákærði staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglu og bar efnislega á sama veg og fyrr um átökinn við Gunnar Sigurjónsson.

3) Ákærði hefur hér fyrir dómi 13. nóvember sl. viðurkennt að hafa framið þessa háttsemi og að hafa eftir átökin við Gunnar Sigurjónsson hlaupið áleiðis upp á Óðinstorg, þar sem ákærði kvaðst hafa brotist inn í söluturninn að Óðinstorgi 5 (sic), þar sem ákærði kvaðst hafa stolið þeim munum, er í ákærinni greinir.

4) Ákærði bar við lögregluyfirheyrslu 26. mars sl. að hafa eftir innbrotið, sbr. 3) að framan, hlaupið áleiðis að Menntaskólanum í Reykjavík og þar sveiflað hnífi þeim, er ákærði hafði stolið í innbrotinu, er lögreglan hugðist handtaka ákærða. Ákærði kvaðst síðan hafa hætt því og látið hnífinn falla á jörðina.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 13. nóvember sl. kvaðst ákærði hafa brugðist við handtökunni á þann hátt, er í ákærinni greinir.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. Einar kvaðst ásamt Guðjóni Garðarssyni hafa verið sendur að Óðinsgötu 5 aðfaranótt 26. mars sl. vegna innbrots, er þar átti sér stað. Einar kvaðst hafa veitt ákærða eftirför og náð honum á lóð Menntaskólans í Reykjavík, en ákærði þá snúist til varnar og hótad sér með hnífi. Einar kvað ákærða ítrekað (sic) hafa hótad að stinga lögreglumennina, er hugðust handtaka ákærða, ef lögreglan kæmi nærri ákærða. Einar kvað ákærða hafa hótad sér, en ekki hefði komið til átaka við ákærða. Einar kvaðst að lokum hafa getað talað ákærða til og hann þá kastað frá sér hnífnum og verið handtekinn.

Vitnið Guðjón Steinar Garðarsson leigubifreiðarstjóri, en fyrrverandi lögregluþjónn, var yfirheyrt fyrir dóminum 15. desember sl. og bar þá efnislega á sama veg og vitnið Einar Ásbjörnsson varðandi eftirför eftir ákærða að lóð Menntaskólans í Reykjavík. Guðjón kvað ákærða hafa hótad sér að stinga sig, er Guðjón hugðist handtaka ákærða ásamt Einari Ásbjörnssyni. Guðjón kvað ákærða ekki hafa ráðist að lögreglunni, heldur haft í hótunum.

Ákærði bar fyrir dóminum 15. desember sl. að hafa verið í miklu uppnámi, er handtakan fór fram, og að hafa hótad lögreglunni, svo sem greinir í ákærinni.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Ákærði Atli bar hér fyrir dóminum að hafa ásamt meðákærðu keypt tvo farseðla til Kaupmannahafnar hjá Flugleiðum. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir farseðlana með tveimur víxlum og hvor verið að fjárhæð kr. 14.190, báðir víxlarnir útgefnir 8. júní sl. og báðir með gjalddaga 10. ágúst 1989. Ákærði Atli kvaðst hafa samþykkt annan víxlinn, en meðákærða hinn. Ákærði Atli kvað meðákærðu hafa ætlað að taka að sér að útvega framseljanda á víxlana og í því sambandi reynt að ná til Bjarna V. Ólafssonar, en það ekki tekist, og þá ákveðið að rita nafn þess manns á víxlana og meðákærða haft á orði, að þetta væri í lagi.

Ákærða X bar fyrir dóminum 18. desember sl. að hafa ásamt meðákærða keypt farseðla til Kaupmannahafnar fyrir víxlana, svo sem ákært er út af. Ákærða hafði áður viðurkennt þessa háttsemi hjá lögreglu og staðfesti þann framburð.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 9. október 1989.

1) Framburður vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar eru ekki samhljóða um það, hvar Valgeir hafi verið staddur í íbúðinni, er ákærði veittist að honum. Framburður þeirra er hins vegar á einn veg varðandi það, að engin átök hafi átt sér stað í íbúðinni, áður en ákærði veittist að Valgeiri, og hafa báðir greint frá því, að ákærði hafi reitt hefil til höggs, svo sem ákært er út af. Dómurinn telur, eftir að hafa gengið á vettvang að Hverfisgötu 86, að Gunnar Sigurjónsson hafi verið í þeirri aðstöðu, þar sem hann sat í stofu íbúðarinnar, að hafa getað séð til ákærða og Valgeirs í eldhúsi íbúðarinnar, hvort sem Valgeir hafi verið í dyrunum eða innar í eldhúsinu. Vitnið Gunnar kvaðst hafa setið í stól í stofunni, er ákærði veittist að Valgeiri, og benti Gunnar á stól, er fram kemur á ljósmynd nr. 9, en þaðan er sjónlína inn í eldhúsið. Valgeir Magnússon hefur borið að hafa skoðað hefilinn strax eftir árásina, og vel kunni að vera, að farið hafi verið með hefilinn inn í norðausturherbergið eftir það, en ákærði kvað hafa verið ráðist að sér sofandi í því herbergi.

Svo sem rakið var, hefur ákærði borið að hafa vaknað við, að sparkað hafi verið í sig, og síðar að hafa vaknað við, að leitað hafi verið á sig, annaðhvort kynferðislega eða til að leita að fjármunum á ákærða. Svo sem rakið var að framan, er framburður ákærða á reiki um nokkur atriði og m.a. það, hvernig hafi verið ráðist að ákærða sofandi og hvar Valgeir hafi hafið afskipti af átökunum.

Þá er þess að geta, að ákærði og vitnin Valgeir og Gunnar voru allir undir áhrifum áfengis, er atburðurinn átti sér stað, og hafa þeir Valgeir

og Gunnar borið fyrir dóminum að hafa verið búnir að vera undir nær stöðugum áhrifum áfengis um margra vikna skeið.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson bar hjá lögreglu, að ákærði hefði verið mjög æstur í skapi, er hann kom á Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. og læknisvottorð ber með sér, að ákærði var við læknisskoðunina í mjög slæmu jafnvægi(sic), en skoðunin fór fram eftir atburði næturinnar.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 29.3. 1989, leiddi skoðun í ljós eftirfarandi:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Valgeir virtist allnokkuð ölvaður, en vakandi og vel áttaður (sic). Lófa megin á vi. úlnlið var þverlægur skurður, u.þ.b. 5 cm á lengd. Skurðurinn náði niður í eina af beygisinum úlnliðarins (flexor carpi ulnaris), en aðrar sínar voru ekki skaddaðar og ekki taugar. Sárið virtist geta verið eftir eggjárn.

Skurðurinn inn í sinina var dreginn saman með einum saum, en sárinu því næst lokað með nokkrum saumum í húðina.“

Pegar allt ofanritað er virt og að virtum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af í þessum lið ákærunnar.

2) Með framburði vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar telur dómurinn sannað, að Gunnar hafi ekki elt ákærða út úr íbúðinni, strax og ákærði hélt þaðan eftir atlöguna að Valgeiri. Það var fyrst, er ákærði hóf að grýta húsið utan, sem Gunnar hélt út, en hann hafði áður aðstoðað Valgeir við að binda um sár það, er ákærði hafði áður veitt Valgeiri.

Með framburði ákærða, sem lýsti hjá lögreglunni átökunum við Gunnar Sigurjónsson og staðfesti þann framburð hér fyrir dómi, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er hann er hér ákærður út af. Afleiðingar árásarinnar voru þær, sem í ákærunni greinir, en samkvæmt læknisvottorði Gunnars Sigurjónssonar, dagsettu 29. mars sl., leiddi skoðun eftirfarandi í ljós: „Bólga og mar var á hæ. kinn og út yfir kinnbeinsbogann hæ. megin. Nokkur blæðing var í báðum augnalokum hæ. augans og blæðing undir slímhúð hæ. augans nefmegin. Ca. 4 cm langt sár var yfir hæ. kinnbeini. Sárbarmar voru nokkuð tættir og marðir. Um það bil ½ cm langt, grunnt sár var á vi. kinninni. Um það bil 1 cm löng þverlæg rifa var í gegnum hæ. nasavænginn, og voru barmar rifunnar ofurlítið tættir. Aftan við vi. eyrað var bólguhella og um það bil 2 cm langt sár með mörðum og tættum köntum. Talsvert blæddi úr báðum nösnum við komuna á spítalann og nefið var við þreifingu aumt.

Um það bil 1 cm langt sár með nokkuð tættum börmum var á hnúa hæ. baugfingurs og sýndist geta verið eftir tennur.

Ekkert af fyrrgreindum sárum sýnist hafa getað verið eftir eggjárn, miklu

fremur eftir högg.“ Síðan segir í sama vottorði: „Þessar myndir sýndu brot á hæ. kinnbeini og blæðingu í hæ. kinnbeinsholuna. Háls-, nef- og eyrnalæknir var fenginn til að skoða Gunnar. Hann rétti úr nefbrotinu í deygingu, en taldi ekki líklegt að gera þyrfti að kinnbeinsbrotinu.“

Háttsemi ákærða í liðum 1) og 2) hér að framan varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, svo sem í ákæru greinir.

3) Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum máls þessa, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákærunni greinir.

4) Svo sem vitnin Einar Ásbjörnsson og Guðjón Steinar Garðarsson báru, réðst ákærði ekki að lögreglumönnunum, er þeir hugðust handtaka ákærða við hús Menntaskólans í Reykjavík. Vitnin báru hins vegar að ákærði, sem var vopnaður hnífi, hefði margsinnis hótað að stinga lögreglumennina, ef þeir kæmu nærri ákærða. Ákærði er því sýknaður af þeirri háttsemi að hafa ráðist að lögreglumönnunum. Með framburði ákærða, sem vel er studdur öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök með þessum ákærulið, þó með þeirri athugasemd, er að framan var getið.

Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi, er í ákærunni greinir, og varðar brot þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa því bæði unnið sér til refsingar.

Ákærði Atli á langan brotaferil að baki og hefur frá árinu 1983 hlotið 12 refsíðoma, verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi í 2 ár og 7 mánuði. Þrír ofangreindir dómar voru skilorðsbundnir og ákærða Atla þar gerð skilorðsbundin fangelsisrefsing, alls rúmlega 9 mánuði. Ofangreindir dómar ákærða eru fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni, brot gegn 1. mgr. 106., 1. mgr. 155., 1., sbr. 2. mgr. 164., 244., 245., 247. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Atli hefur frá 1981 gengist 11 sinnum undir dóm-sáttir fyrir fíkniefna-, áfengis- og umferðarlagabrot. Ákærði Atli hlaut síðast refsingu þann 28. desember 1988, þá 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Árás ákærða á þá Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson var, að því er virðist, tilefnislaus, og ákærði veitti Gunnari mjög alvarlega og mikla

áverka, svo sem læknisvottorð Gunnars ber með sér, en ákærði taldi í fyrstu, að Gunnar væri látinn, er ákærði yfirgaf hann liggjandi fyrir utan Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. Áverka þá, sem ákærði hafði, er hann kom til skoðunar á slysadeild, hefur ákærði sagst hafa fengið í átökum inni í húsinu, en bæði Gunnar og Valgeir hafa borið því í mót og Valgeir greint frá því, að ákærði hafi haft áverkana, er hann kom á Hverfisgötu 86 um nóttina. Ákærði hefur lýst átökunum milli sín og Gunnars fyrir utan húsið sem mjög hörðum og varla mátt milli sjá, hvor hefði betur. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er ekkert, sem bendir til þess, að átökin hafi verið þannig, að Gunnar Sigurjónsson hafi getað veitt ákærða einhverja áverka, enda Gunnar mjög ölvður, svo sem alkóhólrannsókn ber með sér, en vínandamagn í blóði Gunnars reyndist vera 2,77‰. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telur dómurinn sannað, svo sem rakið var að ofan, að ákærði hafi ráðist að Gunnari fyrir utan húsið á þann hátt, sem í ákærunni greinir, og Gunnar fyrst og fremst reynt að verjast árásum ákærða, sem voru samkvæmt þessu mjög hrottalegar.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins og með vísan til sakferils ákærða Atla þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar dæmdri refsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 11 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

— — —

Eigandi söluturnsins Óðinsgötu 5 hefur gert skaðabótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Viðgerðarkostnaður á glugga	kr. 18.626
Tóbak og kveikjari	“ 430
Glerbrot í sælgæti	“ 11.000
Annar kostnaður	“ 6.500
Samtals	kr. 36.556

Ákærði Atli hefur vísað bótakröfunni á bug sem örökstuddri og allt og hárrí.

Engin gögn fylgdu til stuðnings bótakröfunni, og er hún þannig fram sett ekki tæk til, að lagður verði á hana efnisdómur, og er kröfunni vísað frá dómi.

Allur kostnaður máls þessa er felldur á ákærða Atla og honum m.a. gert að greiða kr. 50.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hdl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Atli Steinar Bjarnason, sæti fangelsi í 7 mánuði, en til frádráttar komi 11 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærða X sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Atli greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 50.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hdl.
